

**Áhrif sáttameðferðar í forsjármálum
sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003**

Innanríkisráðuneyti: Skýrslur
Júlí 2016

Útgefandi: Innanríkisráðuneyti
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
Sími: 545 8200
Bréfasími: 552 1702
Netfang: postur@irr.is
Veffang: innanrikisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Innanríkisráðuneyti

© 2016 Innanríkisráðuneyti

ISBN 978-9979-884-63-7

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
1 Samantekt um helstu niðurstöður	3
2 Um sáttameðferð	3
3 Grundvallarreglan um hagsmuni barns	4
4 Áhrif sáttameðferðar	5
4.1 Tölfræði	5
4.1.1 Sýslumannsembætti	5
4.1.2 Höfðuð mál fyrir dómstólum	8
4.1.3 Gjafsóknarnefnd	9
4.2 Áhrif sáttameðferðar á niðurstöður dómstóla	10
4.2.1 Héraðsdómur Reykjavíkur	10
4.2.2 Héraðsdómur Reykjaness	10
5 Niðurstöður	11

Inngangur

Með breytingarlögum nr. 61/2012 og nr. 144/2012 var lögfest það nýmæli sem nú er að finna í 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003, að foreldrar eru skyldugir til að leita sátta áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Markmið sáttameðferðar er að aðstoða foreldra við að gera samning um þá lausn sem er barni fyrir bestu.

Rannsóknir þykja sýna að sáttameðferð sé til þess fallin að leysa stóran hluta ágreiningsmála milli foreldra sem ella þyrfti að leysa með úrskurði eða dómi auk þess að spara tíma og fé, auka ánægju aðila með niðurstöðu máls og leiða til bættra samskipta foreldra.

Í október 2015 var sett af stað verkefni í innanríkisráðuneytinu sem miðaði að því að kanna áhrif sáttameðferðar vegna forsjár- og lögheimilismála. Til að fá heildstæða mynd af því hvaða áhrif breytingin árið 2013 hafði í för með sér var óskað eftir tölfræðigögnum frá öllum sýslumannsembættum og héraðsdómstólum á landinu fyrir árin 2011-2015 og þau borin saman í því skyni að kanna þau áhrif sem sáttameðferð hefur haft á fjölda rekinna dómsmála eftir breytinguna og hvort hið breytta fyrirkomulag þjónar tilgangi sínum. Jafnframt voru niðurstöður dómstóla í þessum málum kannaðar með tilliti til þess hvort sáttameðferð hefði áhrif á úrslit mála.

1 Samantekt um helstu niðurstöður

Niðurstöður verkefnisins sýna fram á það að skyldubundin sáttameðferð þjónar tilgangi sínum. Það kemur einkum fram í fækkun höfðaðra dómsmála um forsjá- og lögheimili á landsvísu. Þar sem slíkum málum fækkar í dómskerfinu en fjölgar hjá sýslumannsembættum er hægt að álykta að foreldrum takist í auknum mæli að ná samkomulagi og leysa ágreining sinn með samningi sín á milli. Auk þess má greina að sáttameðferðin og afstaða í sáttavottorðum hefur haft áhrif á niðurstöður mála fyrir dómstólum, þó eingöngu í málum sem rekin hafa verið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

2 Um sáttameðferð

Þegar skyldubundin sáttameðferð var lögfest voru vonir bundnar við að leiðbeiningar, ráðgjöf og sáttameðferð myndu draga úr illvígum deilum foreldra og tryggja frekar að foreldrar kæmst að niðurstöðu sem þeir gætu unað við. Einnig var talið að ráðgjöf og sáttameðferð gætu gagnast vel til að aðstoða foreldra við að greina í hverju ágreiningurinn raunverulega lægi og finna hentugar lausnir. Hagsmunum barns er almennt best borgið ef foreldrum tekst að ná samkomulagi og talið er að raunveruleg og varanleg sátt milli foreldra auki líkur á að barn nái fullum líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska. Embætti sýslumannsins í Reykjavík fór af stað með tilraunaverkefni árið 2000 sem miðaði að því að bjóða foreldrum ráðgjöf til að reyna að finna lausn vegna ágreinings um umgengni. Árangur varð mjög góður og með lögum nr. 18/2001 var í kjölfarið öllum sýslumannsembættum gert skylt að bjóða aðilum umgengnis- og forsjármála sérfræðiráðgjöf til að vinna að lausn mála.

Umræða og þekking á sáttameðferð sem slíkri sem hefur farið sívaxandi á undanförunum áratugum en það þykir tengjast hárrí skilnaðartíðni og auknum ágreiningi milli foreldra sem hefur valdið áhyggjum vegna skaðlegra afleiðinga á heilsu og þroska barna. Rannsóknir sýna að sáttameðferð er til þess fallin að leysa stærsta hluta ágreiningsmála milli foreldra sem ella þyrfti að leysa með úrskurði eða dómi, spara fé og tíma, auka verulega ánægju aðila með niðurstöður og þar með líkur á að farið verði eftir henni, og leiða til verulega bættra samskipta foreldra, börnum til heilla. Aukin áhersla hefur verið lögð á sáttameðferð á Norðurlöndunum en samkvæmt ákvæðum norsku barnalaganna er foreldrum barns undir 16 ára t.d. skylt að undirgangast sáttameðferð áður en höfðað er mál um forsjá, búsetu eða umgengni. Dönsku barnalögin kveða enn fremur á um að skilyrði fyrir málshöfðun sé að foreldrar hafi mætt hjá stjórnvaldi og þegið ráðgjöf með tilteknum hætti.

Í frumvarpinu um breytingu á barnalögum nr 75/2003 sem lagt var fyrir Alþingi 2012 var lagt til að ráðgjöf til foreldra yrði útfærð með öðrum hætti en áður var og að skyldubundin sáttameðferð í málum um forsjá, umgengni og dagsektir yrði tekin upp. Með hliðsjón af kostum sáttameðferðar fyrir börn og samskipti foreldra var talið að senda þyrfti foreldrum skýr skilaboð um að þeim bæri að reyna þessa leið áður en unnt væri að höfða mál eða krefjast úrskurðar. Það nýmæli var lögfest með breytingarlögum nr. 60/2012 og nr. 144/2012 að foreldrum er skylt að undirgangast sáttameðferð í ákveðnum málum. Þannig var skylda foreldra til að undirgangast sáttameðferð í raun færð undir hinar almennu foreldraskyldur, þ.e. liður í að annast barn á þann hátt sem best hentar hagsmunum þess. Í 1. mgr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 er mælt fyrir um þessa skyldu. Þar segir að áður en hægt er að krefjast úrskurðar um forsjá, lögheimili, umgengni eða dagsektir sé foreldrum skylt að leita sátta. Ljóst er að foreldrar geta deilt um öll þessi atriði á mismunandi tímum og þótti því rétt að gera þeim að leita sátta í hvert sinn sem krafist er úrskurðar eða höfðað mál, enda þarf að skoða sérstaklega í hverju ágreiningur foreldra er fölginn í hvert sinn og hvort unnt sé að hjálpa þeim að sætta mál.

Í 2. mgr. ákvæðisins segir að sýslumaður skuli bjóða aðilum sáttameðferð en þeir geti einnig leitað til annarra sem hafa sérþekkingu í sáttameðferð. Hér reynir á ákvæði 9. mgr.

sem gerir ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um sáttameðferð, svo sem um hæfi sáttamanna. Í 1. málslíð 3. mgr. er fjallað um markmið sáttameðferðar og í 2. málslíð 3. mgr. segir að foreldrar skuli mæta sjálfir á þá sáttafundi sem sáttamaður boðar til. Nauðsynlegt er að foreldrar taki sjálfir fullan þátt í öllu ferlinu svo að þeir geti áttað sig á þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar. Því markmiði verður náð ef foreldrar taka þátt í og axla ábyrgð á þeirri sátt sem er gerð. Með hliðsjón af þessu geta foreldrar ekki falið t.d. lögmanni sínum að mæta á sáttafundi fyrir þeirra hönd. Í 3. málslíð 3. mgr. er fjallað um réttarstöðu barns við sáttameðferð. Þar segir að veita beri barni, sem náð hefur nægilegum þroska, kost á að tjá sig við sáttameðferð nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Skoða verður þetta ákvæði með hliðsjón af 12. gr. Barnasáttmálans um rétt barns til þátttöku í málum sem það varða. Ákvæði 4. mgr. 33. gr. a. kveður á um hlutleysisskyldu sáttamanna. Sáttamaður gætir þess að vera hlutlaus í máli og leitast við að draga fram þá hagsmuni sem geta leitt til þess að máli ljúki með sátt foreldra en hann metur einnig hvenær hann telur að ekki sé unnt að ná sáttum og gefur þá út sáttavottorð um að sáttameðferð sé lokið. Ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa fengið tvívegis kvaðningu gefur sáttamaður út sáttavottorð um að sáttameðferð sé lokið og hafi ekki borið árangur. Samkvæmt 6. mgr. ákvæðisins skal koma fram í sáttavottorði hvernig sáttameðferð fór fram, hver voru helstu ágreiningsatriði, hver afstaða aðila var og jafnframt hver sjónarmið barns voru, nema það hafi verið talið ganga gegn hagsmunum barnsins. Sáttamaður er bundinn þagnarskyldu um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varðar brot á þagnarskyldu refsíábyrgð. Samkvæmt 7. mgr. ákvæðisins er sáttavottorð gilt í sex mánuði frá útgáfu. Þótti nauðsynlegt að afmarka þennan tíma í ljósi þess að aðstæður barns og foreldra geta breyst.

Ákvæði um sáttameðferð gilda einnig um aðra en foreldra sem geta gert kröfu um forsjá, umgengni eða dagsektir, sbr. 8. mgr. 33. gr. a. Barnalög gera ráð fyrir aðild annarra en foreldra við vissar aðstæður og rétt þótti að viðkomandi væru einnig bundnir af 33. gr. a. um sáttameðferð enda verður að telja að sátt við þessar aðstæður sé barninu fyrir bestu.

Skyldan til að taka þátt í sáttameðferð hefur þó ekki í för með sér að unnt sé að knýja foreldra til að gera tiltekinn samning en við hina eiginlegu sáttameðferð er lögð áhersla á að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn sem er barninu fyrir bestu sbr. 3. gr. Barnasáttmálans.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um sáttameðferð. Innanríkisráðherra hefur sett reglur um ráðgjöf og sáttameðferð en þar er lagður grundvöllur að störfum sáttamanna í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á barnalögum árið 2013. Þar er meðal annars kveðið á um hæfi sáttamanns, umfang sáttameðferðar, framkvæmd og lok.

Tekið skal fram að sáttameðferð getur verið mun umfangsmeiri í umgengnismálum en forsjár- og lögheimilismálum. Rannsókn þessi nær aðeins til hinna síðarnefndu mála, þar sem ekki er unnt að höfða umgengnismál fyrir dómstólum, en áhugavert væri að kanna áhrif sáttameðferðar í umgengnismálum sérstaklega þar sem allt bendir til þess að árangur í slíkum málum sé mjög góður.

3 Grundvallarreglan um hagsmuni barns

Ákvæði 3. gr. Barnasáttmálans um að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang er ein af grundvallarreglum samningsins. Hana skal ekki aðeins hafa að leiðarljósi við túlkun annarra ákvæða samningsins heldur einnig við túlkun landslaga og við töku allra ákvarðana sem varða börn. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem starfar á grundvelli Barnasáttmálans, hefur það hlutverk að hafa eftirlit með framfylgd sáttmálans. Nefndin hefur áréttað mikilvægi þess að grundvallarreglan um það sem er barni fyrir bestu skuli endurspeglast í allri löggjöf, ekki síst hvað varðar skilnað og forsjá foreldra barna. Á það við um alla málsmeðferð á stjórnvöldum, niðurstöður dómstóla og

stefnumótun. Reglan nær einnig til sameiginlegrar ábyrgðar foreldra en 18. gr. Barnasáttmálans kveður á um að ríki skuli gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Þeir skulu bera aðalábyrgð á uppeldi barns og það sem er þeim fyrir bestu skal vera þeim efst í huga. Var þetta ríkjandi sjónarmið við alla umræðu um skyldubundna sáttameðferð þar sem með setningu slíkrar reglu er viðurkennt að aðalábyrgð á uppeldi barns hvíli á herðum foreldra og að úrskurður stjórnvalds sé í raun þrautalending. Forsenda þess að yfirvöld geti tekið þær ákvarðanir sem eru börnum fyrir bestu er að gæta þess að þau fái að segja álit sitt, að á þau sé hlustað og skoðanir þeirra virtar í samræmi við aldur þeirra og þroska sbr. 12. gr. Barnasáttmálans. Eftir því sem börn eldast þurfa þau í auknum mæli að fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á líf sitt og umhverfi. Þetta endurspeglar það nútímaviðhorf til réttinda barna að þau séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi og markar endalok þeirrar aldagömlu hugmyndar að börn séu eign foreldra sinna. Þessar meginreglur eru áréttáðar í 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 og ganga, í samræmi við áherslur Barnaréttarnefndarinnar, sem rauður þráður í gegnum löggin.

4 Áhrif sáttameðferðar


Í því skyni að fá heildstæða mynd af áhrifum sáttameðferðar var aflað tölfræðigagna frá öllum héraðsdómstólum landsins um höfðuð dómsmál varðandi forsjá og lögheimili árin 2011, 2012, 2013, 2014 og 2015. Þannig var kannað hver fjöldi mála var tvö ár fyrir og eftir lagabreytinguna árið 2013, til að fenginn væri sem bestur samaburður. Þótt ákvæði 33. gr. a. barnalaga taki til forsjár-, lögheimilis-, umgengnis-, dagsektar- og aðfararmála eru það aðeins dómstólar sem skera úr um forsjá eða lögheimili barns sbr. 1. mgr. 34. gr. barnalaga en sýslumaður tekur ákvörðun um umgengni sbr. 1. mgr. 47. gr. Þar af leiðandi voru aðeins könnuð dómsmál sem lúta að ágreiningi um forsjá eða lögheimili og kannað hvort höfðuðum dómsmálum um slíkan ágreining hefði fækkað eftir lagabreytinguna. Þá var jafnframt kannað hlutfall sátta sem náðist á tímabilinu 2013 til 2015 í sáttameðferð hjá sýslumanni til að unnt væri að bera þær niðurstöður saman við fjölda höfðaðra dómsmála.

4.1 Tölfræði

4.1.1 Sýslumannsembætti


Tekin var saman tölfræði frá sýslumannsembættum á landsvísu en þær niðurstöður voru síðan aðgreindar annars vegar fyrir höfuðborgarsvæðið og hins vegar fyrir landsbyggðina. Kannað var hvernig þróun hefur verið hvað varðar fjölda nýstofnaðra forsjár- og lögheimilismála á árunum 2011-2015. Jafnframt var sérstaklega kannað hversu mörgum málum þar af er vísað til sáttameðferðar og hvaða niðurstaða hlýst í þeim málum, til að unnt væri að meta hversu mikil fækkun er á fjölda höfðaðra dómsmála vegna sáttameðferðar.

Innanríkisráðuneyti




Mynd 1. Fjöldi forsjár- eða lögheimilismála á höfuðborgarsvæðinu.

Líkt og ofangreind mynd sýnir hefur forsjár- og lögheimilismálum fjölgað töluvert á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Fjöldi slíkra mála var þó mestur árið 2014 en máluum fækkar þó umtalsvert árið 2015.




Mynd 2. Árangur sáttameðferðar á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 2 sýnir árangur af sáttameðferð í forsjár- og lögheimilismálum á höfuðborgarsvæðinu en þau sveitarfélög sem heyra undir umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu eru Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær. Á höfuðborgarsvæðinu náðist árið 2013 sátt í 47% tilfella eða í 40 málum af 85. Árið 2014 var hlutfall sátta 42% en þá náðist sátt í 47 málum af 113. Árið 2015 var hlutfall sátta enn 42% en sátt náðist í 61 máli af 144.



Mynd 3. Fjöldi forsjár- eða lögheimilismála á landsbyggðinni.

Ofangreind mynd sýnir að forsjár- og lögheimilismálum hefur fjölgað töluvert á landsbyggðinni undanfarin ár líkt og á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi slíkra mála var mestur árið 2014, en málunum fækkar lítillega árið 2015 og er sú fækkun töluvert minni en á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 4. Árangur sáttameðferðar á landsbyggðinni.

Mynd 4 sýnir árangurinn af sáttameðferð á landsbyggðinni. Þar sést að sáttameðferðarmálum fjölga töluvert og er hlutfall sátta sífellt að aukast einnig. Hlutfall sátta var 43% árið 2013, 46% árið 2014 og árið 2015 hafði sátt náðst í 34% þeirra mála sem lokið var.

4.1.2 Höfðuð mál fyrir dómstólum


Tafla 1. Fjöldi höfðaðra forsjár- eða lögheimilismála.

	2011	2012	2013	2014	2015
Héraðsdómur Reykjavíkur	37	39	20	23	20
Héraðsdómur Reykjaness	27	39	19	18	24
Landsbyggðin	26	11	5	6	11
Samtals	90	89	44	47	55

Líkt og ofangreind tafla sýnir fækkaði höfðuðum dómsmálum vegna forsjár eða lögheimilis umtalsvert eftir að lagabreytingin árið 2013 tók gildi. Samtals voru 37 dómsmál höfðuð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2011, 39 mál voru höfðuð árið 2012 en til samanburðar voru höfðuð 20 dómsmál um forsjá eða lögheimili árið 2013. Árið 2014 voru málin 23 talsins en árið 2015 voru þau samtals 20 talsins. Er þetta 48,7% fækkun milli árunna 2012 og 2013.

Fyrir Héraðsdómi Reykjaness voru höfðuð samtals 27 mál árið 2011. Samtals voru 39 mál höfðuð árið 2012 en árið 2013 fækkaði máluðum niður í 19 talsins. Árið 2014 voru samtals 18 mál höfðuð og voru þau 24 árið 2015. Er þetta 51,28% fækkun milli árunna 2012 og 2013.

Teknar voru saman tölur allra héraðsdómstóla á landsbyggðinni en sökum þess að fjöldi mála hjá hverjum og einum dómstóli er töluvert minni en hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness voru tölur af landsbyggðinni sameinaðar undir einn hatt til að marktækar mælingar fengjust. Árið 2011 voru höfðuð samtals 26 forsjár- og lögheimilismál fyrir öðrum héraðsdómstólum en Reykjavíkur og Reykjaness. Árið 2012 voru málin samtals 11 talsins, en árið 2013 fækkaði þeim til muna eða í 5. Árið 2014 voru málin 6 talsins og 11 árið 2015. Er þetta 54,54% fækkun milli árunna 2012 og 2013 en máluðum fjölgaði að sama skapi um 45,45% árið 2015.



Mynd 5. Þróun í fjölda málshöfðana í forsjár- og lögheimilismálum á landsvísu árin 2011-2015.

Líkt og ofangreind mynd sýnir fer fjölda mála í forsjár- og lögheimilismálum almennt fækkandi ef litið er heildstætt á tímabilið en málunum fjölgar þó árið 2015 á landsbyggðinni og fyrir Héraðsdómi Reykjaness, sem skýrist líklegast af fjölgun slíkra mála hjá sýslumannsembættum árið 2014.


Tafla 2. Sundurliðun mála eftir dómstólum á landsbyggðinni.

Landsbyggðin	2011	2012	2013	2014	2015
Héraðsdómur Austurlands	1	0	1	0	0
Héraðsdómur Suðurlands	9	4	0	0	1
Héraðsdómur Vesturlands	3	2	0	0	4
Héraðsdómur Vestfjarða	1	2	0	0	0
Héraðsdómur Norðurlands vestra	0	1	0	0	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	12	2	4	6	4

Tafla 2 sýnir nánari sundurliðun á málum sem höfðuð voru fyrir hverjum dómstóli á landsbyggðinni en meirihluti þeirra mála fór fram fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

4.1.3 Gjafsóknarnefnd

Skyldubundin sáttameðferð hefur haft mælanleg áhrif á fjölda umsókna um gjafsókn. Árið 2011 fjallaði gjafsóknarnefnd um 169 umsóknir vegna forsjármála. Þá voru þær 215 talsins árið 2012 en árið 2013 fjallaði nefndin um 152 forsjármál. Það ár var 10 málum vísað frá þar sem sáttavottorð lá ekki fyrir. Árið 2014 fjallaði gjafsóknarnefnd um samtals 116 umsóknir vegna forsjármála en tveimur málum var vísað frá vegna þess að sáttarvottorð lá ekki fyrir. Gjafsóknarnefnd fjallað um samtals 120 umsóknir vegna forsjármála árið 2015 en þremur málum var vísað frá þar sem sáttarvottorð skorti. Þess má einnig geta að sami aðili sækir stundum oftast en einu sinni um gjafsókn í forsjármálum þar sem gjafsókn er gjarnan takmörkuð við tiltekna fjárhæð til að byrja með og ef málið reynist kostnaðarsamara er sótt um endurskoðun á takmörkun á gjafsókn.



Mynd 6. Fjöldi umsókna.

Líkt og mynd 6 sýnir hefur umsóknum vegna forsjármála fækkað töluvert á tímabilinu 2013-2015 samanborið við fyrri tvö árin. Var fækkunin 41% milli árána 2012 og 2013. Því má draga þá ályktun að um töluverðan sparnað sé að ræða fyrir ríkið vegna sáttameðferðar enda eru forsjármál að mestu rekin á kostnað hins opinbera vegna gjafsókna.

4.2 Áhrif sáttameðferðar á niðurstöður dómstóla

Til að unnt væri að kanna áhrif sáttameðferðar skv. 33. gr. a. barnalaga til fulls voru kannaðar niðurstöður dómstóla í þeim málum sem höfðuð voru vegna forsjár eða lögheimilis eftir að lagabreytingin árið 2013 öðlaðist gildi. Þar sem langflest mál um forsjá eða lögheimili eru höfðuð fyrir annars vegar Héraðsdómi Reykjavíkur og hins vegar Héraðsdómi Reykjaness voru niðurstöður þeirra mála sem lokið var í árslok 2015 teknar til athugunar til að kanna áhrif sáttameðferðar til hlítar. Samtals voru 93 dómsmál til lykta leidd fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2015, en samtals var 31 máli til viðbótar enn ólokið í árslok 2015. Sáttavottorð eru lögð fram sem málgögn þar sem fram kemur meðal annars vilji barns og sáttavilji foreldra. Einnig kemur fram á sáttavottorði ef foreldri hefur ekki mætt á sáttafundi og því var talið áhugavert að kanna hvort þær upplýsingar sem koma fram á sáttavottorði gætu haft áhrif á niðurstöðu þessara mála. Af þeim 93 málum sem til lykta voru leidd á umræddu tímabili fyrir dómstólunum tveimur voru 10 þeirra felld niður. Sátt náðist í 38 málum en dómarrar reyna oft að koma á sáttum milli foreldra, jafnvel með aðstoð sálfræðinga.

4.2.1 Héraðsdómur Reykjavíkur

Á tímabilinu 1. janúar 2013 til 31. desember 2015 voru rekin samtals 43 dómsmál um forsjá eða lögheimili fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Kannað var hvort sáttameðferð skv. 33. gr. a. barnalaga hefði í einhverjum tilvikum áhrif á úrslit þeirra mála. Í þeim málum sem tekin voru til athugunar var ekki hægt að merkja að sáttameðferð hefði þýðingu við úrslit mála þó að erfitt sé að fullyrða um það nákvæmlega. Málsaðilar vísuðu gjarnan til sáttameðferðar í greinargerðum sínum, þá sérstaklega til sáttavilja eða vilja barns, en dómarrar fjölluðu ekki sérstaklega um þær málsástæður í niðurstöðum eða tóku afstöðu til þeirra röksemda. Aftur á móti var nokkuð algengt að dómarrar legðu á það áherslu gott samstarf ríkti á milli foreldra. Þá tókst foreldrum oft að ná sátt sín á milli áður en máli var lokið, líkt og áður segir.

4.2.2 Héraðsdómur Reykjaness

Mun algengara var að dómarrar við Héraðsdóm Reykjaness vísuðu til upplýsinga sem fram komu á sáttavottorðum í niðurstöðum sínum. Oftast var vísað til vilja barns sem fram kom á sáttavottorði og niðurstaða um forsjá eða lögheimili þá gjarnan meðal annars byggð á því. Þá var jafnframt litið til sáttavilja foreldra og hvort þeir hafi mætt á sáttafundi hjá sýslumanni. Í einu tilviki, nánar tiltekið í máli E-560/2013 vísaði dómari máli frá ex officio af þeim sökum að sáttameðferð hafði ekki farið fram. Ekki var talið nægilegt að málsaðilar hafi leitað sátta skv. 42. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Máli *Héraðsd. Reykjavíkur E-1416/2014* var vísað frá vegna þess að sáttameðferð sem fram fór hjá sýslumanni varðaði umgengni en ekki forsjá líkt og dómsmálið laut að. Í dómnum segir meðal annars:

Ákvæði 33. gr. a. kom inn í barnalög með 12. gr. breytingarlaga nr. 61/2012. Í athugasemdum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laganna sagði meðal annars að í 1. mgr. ákvæðisins væri mælt fyrir um skyldu til að undirgangast sáttameðferð áður en unnt væri að krefjast úrskurðar eða höfða mál um tiltekin ágreiningsefni, þ.e. mál um forsjá, umgengni eða dagsektir. Ljóst væri að foreldrar gætu deilt um öll þessi atriði á mismunandi tímum. Rétt þætti engu að síður að gera þeim almennt að leita sátta í hvert sinn sem krafist væri úrskurðar eða höfðað væri mál, enda mætti ganga út frá því að æskilegt væri að skoða sérstaklega í hverju ágreiningur foreldra væri fólgin í hvert sinn og hvort unnt væri að hjálpa þeim að sætta mál. Framlagt vottorð sýslumannsins í Hafnarfirði um sáttameðferð samkvæmt 33. gr. a. barnalaga tekur samkvæmt efni sínu eingöngu til ágreinings málsaðila um umgengni stefnanda við son aðila. Í

vottorðinu er hvergi vikið að ágreiningi aðila um forsjá drengsins. Þá er í öðrum gögnum málsins enga vísbendingu að finna um að leitað hafi verið sátta vegna þessa ágreinings. Eins og áður er rakið er í 1. mgr. 33. gr. a. barnalaga kveðið á um að foreldrum sé skylt að leita sátta samkvæmt greininni áður en mál er höfðað um forsjá barns. Samkvæmt framansögðu hefur engin sáttameðferð farið fram vegna ágreinings aðila um forsjá sonar þeirra, en telja verður ljóst af orðum lagaákvæðisins, sem og áður tilvitnuðum athugasemdum við ákvæðið í greinargerð, að framlagt sáttavottorð vegna ágreinings um umgengni stefnanda við drenginn getur ekki talist uppfylla skilyrði ákvæðisins um sáttameðferð fyrir höfðun máls um forsjá hans. Á dómurinn því ekki annan kost en vísa máli þessu frá dómi.

Með dómi *Hrd. 30. apríl 2015 (283/2015)* staðfesti Hæstiréttur framangreinda niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna. Andstæð sjónarmið komu fram í dómi *Hrd. 17. október 2014 (654/2014)* sem varðaði kröfu K um að sér yrði heimilað að fá börn sín og M tekin úr umráðum M og fengin henni með beinni aðfarargerð. M byggði kröfu sína um að hafna bæri aðfararkröfu K meðal annars á því að ekki hefði farið fram tilskilin sáttameðferð eins og krafist væri í 1. mgr. 33. gr. a. barnalaga, þar sem sú sáttameðferð sem fram fór hafi ekki varðað þann ágreining sem var til meðferðar í málinu. Hæstiréttur taldi að í málinu lægi fyrir gilt sáttavottorð og að ákvæði 33. gr. a. barnalaga yrði ekki skilið á þann veg að sérstök sáttameðferð þurfi að fara fram í hvert og eitt sinn sem reynir á úrræði samkvæmt greininni.

Samkvæmt ofangreindum dómum ríkir ákveðið ósamræmi um mat dómstóla hvað þetta varðar sem æskilegt væri að skýra nánar með vísan til hagsmuna barna, sérstaklega þar sem niðurstaða Hæstaréttar í máli *Hrd. 17. október (283/2015)* virðist ganga gegn vilja löggjafans en líkt og fram hefur komið var talið ljóst við setningu laganna árið 2013 að foreldrar geti deilt um ólík atriði á mismunandi tímum. Þótti því rétt að gera þeim að leita sátta í hvert sinn sem krafist er úrskurðar eða höfðað mál, enda þurfi að skoða sérstaklega í hverju ágreiningur foreldra er fölginn í hvert sinn og hvort unnt sé að hjálpa þeim að sætta mál.

5 Niðurstöður

Niðurstöður verkefnisins sýna fram á það að skyldubundin sáttameðferð þjónar tilgangi sínum. Það kemur einkum fram í fækkun höfðaðra dómsmála um forsjá og lögheimili á landsvísu. Er sú þróun afar jákvæð, ekki síst með tilliti til þess að forsjármál eru afar íþyngjandi fyrir alla aðila og einkum í sér í lagi börn. Þar sem slíkum málum fækkar í dómskerfinu en fjölgar hjá sýslumannsembættum er hægt að draga þá ályktun að foreldrum takist í auknum mæli að ná samkomulagi og leysa ágreiningsmál sín með samningum sín á milli. Einkar áhugavert er einnig að aðeins í um helmingi mála þar sem sáttavottorð er gefið út hjá sýslumanni er mál höfðað fyrir dómstólum en líkt og áður hefur komið fram voru 80 sáttavottorð gefin út árið 2015 en án sáttavottorðs er ekki unnt að höfða mál fyrir dómstólum. Fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykness voru samtals höfðuð 44 mál á árinu 2015. Gefur þetta til kynna að þó foreldrum takist ef til vill ekki að ná sátt um öll atriði þjóni sáttameðferð samt sem áður tilgangi sínum í um helmingi mála þar sem sáttavottorð er gefið út en eitt helsta markmiðið með lagabreytingunni var að fækka dómsmálum. Auk þess má greina að sáttameðferð hafi haft áhrif niðurstöður þeirra mála sem rata fyrir dómstóla en þar má helst nefna sáttavilja foreldra og vilja barns. Þetta hefur þó eingöngu komið fram í málum sem rekin hafa verið fyrir Héraðsdómi Reykjaness en æskilegt væri að dómstólar landsins væru samstiga hvað varðar það vægi sem sáttameðferð er gefin við úrslausn máls fyrir dómi.

Þó að ljóst sé að árangur af sáttameðferð hafi skilað sér í fækkun höfðaðra dómsmála verður ekki fyllilega hægt að mæla þau áhrif sem 33. gr. a. barnalaga hefur í för með sér. Þeir foreldrar sem hafa undirgengist sáttameðferð gætu í mörgum tilvikum hafa komist að

samkomulagi um meirihluta sinna ágreiningsmála þó svo að ekki hafi náðst sátt um öll atriði. Það má einnig gera ráð fyrir að sáttameðferð auki almennt ánægju aðila með niðurstöðu mála og leiði til bættra samskipta foreldra og vitundarvakningar um mikilvægi þeirra til lengri tíma litið.